



Útreikningur hljóðfæragjalds

FT og FÍH

Haustönn 2024

Neysluverðsvísitala 1. júlí 2024 = 633,2 stig		
	Fullt gjald til greiðslu 1. desember 2024	Hálft gjald til greiðslu 1. desember 2024
Flokkur 1: (trompet sett, básúnusett, blokkflautusett, horn, euphonium, túba)	87.743	43.872
Flokkur 2: (tölva (frá 1.ág.2011), þverflauta, piccolo, rafbassi, rafgítar, gítar (klassískur))	87.743	43.872
Flokkur 3: (fiðla, lágfíðla, klarinett Bb, klarinett Eb, saxófónn (alto), saxófónn (sópran), saxófónn (tenór), enskt horn, óbó, fagott, selló, bassi)	174.425	87.213
Flokkur 4: (harmonika (frá 1.ág.2011), harpa, píanó, flygill, slagverk)	191.731	95.866

Um afnot og greiðslur fyrir notkun á eigin hljóðfærum: Í þeim tilvikum að tónlistarskóli óski eftir því við tónlistarskólakennara að hann leggi sjálfur til hljóðfæri vegna starfs síns í þágu tónlistarskólans skal greitt fyrir þau afnot gjald, sem miðist við neðangreint verðmæti og vexti af því, afskriftir, viðhald og rekstrarkostnað. Afgjaldið skiptist í þrjá flokka og fer eftir hljóðfærategundum. Innifalið í gjaldi þessu er að eigandi hljóðfærvis leggi til endurnýjunar hluti eins og strengi og blöð og annist viðhald hljóðfæranna. Afgjaldið greiðist í tveimur hlutum við lok hvorrar annar. Afgjald þetta miðast við vísitölu neysluverðs hinn 1. janúar 2011 (363,4 stig) og skal endurskoðað tvisvar á ári, hinn 1. janúar og 1. júlí.

Frá og með 1. ágúst 2018 greiðist sama afgjald í flokki 1 vegna hljóðfæra sem í kjarasamningi aðila, fylgiskjali 4 falla undir flokk 2.

Sjá enn fremur skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og Launaneftndar sveitarfélaga 29. nóvember 2006:

„Gjald fyrir hljóðfæri sem tilgreint er í fylgiskjali 1 miðast við heilt skólaár og greiðist í tveimur hlutum.

Frá og með 2007 greiðist hljóðfæragjald vegna vorannar hinn 1. júní vegna haustannar 1. desember. Vegna haustannar 2006 greiðist gjaldið í síðasta lagi 1. janúar 2007 og miða skal við 75% af hálfu ársgjaldi.

Greiða skal í hlutfalli við kennda tíma á viðkomandi hljóðfæri og ef kennt er á fleiri en eitt hljóðfæri skal greiða sem eitt gjald og mið við það sem lendir í hæsta gjaldflokki.

Varðandi söng-, tónfræði greina- og forskólakennara skal miða við afgjald af píanói.“

Sjá einnig skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og SNS 17. september 2012.